

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunar- og förgunargjald sorps á Álftanesi.

1. gr.

Til að standa straum af kostnaði af meðhöndlun úrgangs hjá Sveitarfélaginu Álftanesi skal bæjarstjórn innheimta gjald vegna förgunar úrgangs og er jafnframt heimilt að leggja á og innheimta sérstakt árlegt gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og fram fer á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Söfnunar- og förgunargjald, að lágmarki kr. 16.000, skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal slíkt gjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Innifalið í gjaldinu er eitt sorphlát og sorphreinsun sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Álftanesi og förgun vegna þess.

Fyrir hvert aukailát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. Fyrir 240 l tunnu, kr. 16.000.
2. Fyrir 500 l gám, kr. 33.000.
3. Fyrir 660 l gám, kr. 44.000.

3. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni, t.d. hjá fyrirtækjum, skal innheimta söfnunar- og förgunargjalds sorps vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

4. gr.

Við skil á úrgangi á söfnunarstöðvum Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. skal greitt samkvæmt gjaldskrá byggðasamlagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Söfnunar- og förgunargjald sorps greiðist til bæjarsjóðs Álftaness og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjaldið skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Álftaness 21. desember 2004, með vísan til 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og gildir frá 1. janúar 2005.

Álftanesi, 21. janúar 2005.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.